

## MINNISBLAÐ

Vatnajökulsþjóðgarður

Samstarf umhverfisráðuneytis og Vatnajökulsþjóðgarðs við lokafrágang stjórnunar og verndaráætlunar

4. júní 2010

**Fundur haldinn í umhverfisráðuneytinu þann 4. júní 2010 kl. 10:30 til 13:00**

Mætt: Sigurður Á. Þráinsson, umhverfisráðuneyti.  
Steinunn Fjóra Sigurðardóttir, umhverfisráðuneyti.  
Þórður Ólafsson, Vatnajökulsþjóðgarði.

Þórður þakkaði fyrir tækifærið til að fá að kynna tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun (sogv) Vatnajökulsþjóðgarðs. Markmið fundar væri að kynna umhverfisráðuneytinu stöðu mála, en tillaga liggur nú fyrir frá stjórn þjóðgarðsins sem hefur þegar verið auglýst. Auglýsingarfrestur rennur út þann 24. júní og er ráðgert að umhverfisráðherra staðfesti sogv þann 29. júní. Sá dagur hafi verið tekinn frá með ráðherra. Til að svo megi verða mun þurfa að hafa hröð handtök þangað til. Nauðsynlegt sé að starfsmenn umhverfisráðuneytisins hafi tækifæri til að nýta tímann fram að því til að fara yfir tillöguna og leggja til breytingar eða ábendingar eftir atvikum, til að reyna að tryggja að hægt verði að ljúka verkefninu innan tímamarka, nema eitthvað óvænt komi uppá. Ábendingar frá ráðuneytinu þurfi að liggja fyrir í síðasta lagi um 20. júní til að svo megi verða. Ráðuneytið þurfi að hafa sannfæringu fyrir því að allt sé rétt. Mikilvægt sé fyrir þjóðgarðinn að hafa staðfesta sogv. Skv. lögum hafi það átt að vera innan tveggja ára frá stofnun og rétt líðlega tvö ár verði þann 29. júní. Þórður kom einnig inná að ráðuneytið hefði unnið að tilteknum verkefnum með stjórn á meðan á tillögugerðinni stóð.

Fram kom hjá Sigurði að honum og Steinunni Fjólu hafi verið falið að halda utanum þetta verkefni f.h. ráðuneytisins.

Þórður kom einnig inná að ósamræmi væri á afmörkun þjóðgarðsins og tiltekinna svæða. Fundarmenn voru sammála um að þetta þyrfti að leiðrétta með breytingu á reglugerð áður en stjórnunar- og verndaráætlun yrði endanlega samþykkt. Skýringaruppdrátturinn sem fylgdi með þyrfti að vera réttur.

Halldóra reifaði stöðu mála þ.e. að tillagan hefði verið unnin að höfðu samráði við mjög breitt bakland. Þetta sé niðurstaða vinnu síðustu tveggja ára. Sogv byggji einkum á tillögum að verndaráætlunum frá svæðisráðum, niðurstöðum samráðsfundar sem haldinn var á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs í nóvember þar sem boðaðir voru um annað hundrað manns m.a. frá ráðuneytinu og á umhverfisúttekt starfsmanna þjóðgarðsins. Einnig hafi verið farið yfir lögfræðileg álitamál af Björgu Ágústsdóttur lögfræðingi og starfsmanni Alta, með lögfræðingum hjá Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni og Lex. Mikilvægt sé að nýta þekkingu og reynslu Sigurðar á Vatnajökulsþjóðgarði og forsendum fyrir stofnun hans, þar sem hann fylgdi málinu eftir f.h. ráðuneytisins og þekki því mjög vel alla forsögu og áherslur. Einnig sé mikilvægt að fá rýni ráðuneytisins á mögulegum lagalegum álitaeftum. Þegar sogv liggur fyrir muni þurfa að móta atvinnustefnu annars vegar fyrir þjóðgarðinn og hins vegar á vegum aðliggjandi sveitarfélaga.

Þórður benti á það nýnæmi að inní stjórnunar- og verndaráætlun sé samtvinnuð umhverfisstefna (innri og ytri) við aðra stefnu, þetta sé því ein samrýmanleg heild.

Farið var yfir tillöguna að stjórnunar- og verndaráætlun og áherslur í vinnu. Margar góðar ábendingar komu frá starfsmönnum umhverfisráðuneytisins, sem tekið verður tillit til. Einnig var rætt um mögulega samtvinnun á vinnu frá IUCN vegna staðfestingar ráðgjafa þaðan á flokkun þjóðgarðsins og vegna heimsminjaskrárskoðunar sbr. að það voru fulltrúar frá IUCN sem unnu með Íslendingum vegna tilnefningar þingvalla á heimsminjaskrá UNESCO. Fundarmenn voru sammála um að halda þeim möguleika opnum og að það yrði skoðað betur þegar samþykkt stjórnunar- og verndaráætlun lægi fyrir.



Sigurður benti á að ráðuneytið þyrfti að lagfæra þýðingu á IUCN flokkuninni. Hann myndi sjá um að samræma orðalag við það sem hefðbundið er. Halldóra fór yfir forsöguna þ.e. að þjóðgarðurinn hafi látið þýða IUCN textann fyrir þá þrjá flokka sem nýttir verða í Vatnajökulsþjóðgarði. Síðan hafi Umhverfisstofnun tekið að sér að aðlaga orðalagið. Rætt var um nauðsyn þess að ráðuneytið léti þýða nýju leiðbeiningarnar frá IUCN um flokkun þ.e. frá Nigel Dudley frá 2008. Mögulega yrðu fleiri flokkar nýttir í lokafrágangi á sogv.

Kynna þarf Sesselju hjá ráðuneytinu nálgunina varðandi vegi t.a. tryggja að sú nálgun falli að starfi þeirrar nefndar sem hún fer fyrir um vegamál og slóða.

Niðurstaða og næstu skref:

- Stuttur tími er til stefnu fram að undirskrift ráðherra, svo hafa þarf hraðar hendur.
- Sigurður og Steinunn Fjóla munu gera sitt til að tímaáætlunin geti staðist.
- Fundur verður haldinn þriðjudaginn 8. júní með Sigurði, Sigmari og Árna frá Alta t.a. fara yfir ósamræmi í mörkum og ganga frá tillögum að leiðum til samræmingar.
- Ráðuneytið mun þurfa að breyta reglugerð með mörkum þjóðgarðs, fyrir 24. júní.
- Fundur verður haldinn mánudaginn 14. júní með Sigurði, Steinunni Fjólu, Þórði, Halldóru og Árna þar sem farið verður yfir ábendingar frá umhverfisráðuneytinu. Gert er ráð fyrir að fundurinn geti orðið um 4 kl.st. þar sem farið verður yfir alla sogv.
- Sigurður mun strax eftir helgi senda Halldóru skilyrði fyrir ramsarsvæðið við Eyjabakka við Snæfell þ.a. hægt verði að setja þá skilmála inni sogv. Þeir geti verið inni þó svæðið hafi ekki enn verið samþykkt af hendi Ramsar.
- Sigurður mun sjá um að lagfæra þýðinguna á textanum frá IUCN sem kominn er og skoða möguleika á að þýða alla flokka, þ.a. þetta liggi allt fyrir lokafrágang.

Fundarritari Halldóra Hreggviðsdóttir

Sent: Sigurði Á. Þráinssyni, umhverfisráðuneyti.  
 Steinunni Fjólu Sigurðardóttur, umhverfisráðuneyti.  
 Huga Ólafssyni, umhverfisráðuneyti.  
 Sigríði Auði Arnardóttur, umhverfisráðuneyti.  
 Þórði Ólafssyni, Vatnajökulsþjóðgarði.

